

Leiðbeiningar vegna umsókna um útborgun endurgreiðslu

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	2
1.1.	Umsóknarferli	2
1.2.	Vilyrði	2
1.3.	Frestun útborgunar	2
2.	Gögn sem óskað er eftir	2
2.1.	Vottorð úr fyrirtækjaskrá	2
2.2.	Greinargerð um framleiðsluna og lok framleiðslu	2
2.3.	Staðfesting á skuldleysi	2
2.4.	Staðfesting á sýningu og lokum framleiðslu	2
2.5.	Fjármögnun	3
2.6.	Kostnaðaruppgjör	3
2.7.	Greinargerð um frávik	3
2.8.	Áritun stjórnar	3
2.9.	Hreyfingalisti	3
	Nánari leiðbeiningar varðandi kostnað til aðila sem tengjast framleiðslunni Error! Bookmark not defined.	
2.10.	Sundurliðun kostnaðar eftir framleiðslulandi	4
3.	Útreikningar á stofni til endurgreiðslu	4
3.1.	Heildarframleiðslukostnaður og 80/20 reglan	4
4.	Skilyrði 35% endurgreiðslu	4
5.	Endurgreiðsluhæfur kostnaður – nánari skýringar	5
5.1.	Kostnaður vegna yfirbyggingar (overhead)	5
5.2.	Kostnaður vegna eigin starfsmanna og eigin búnaðar	5
5.3.	Laun og verktakagreiðslur	5
5.4.	Lánsfjármögnun frá aðilum tengdum framleiðslunni	6
5.5.	Kostnaður sem fallið hefur til erlendis	6
5.6.	Kostnaður utan framleiðslutímabils	6
5.7.	Breyttar forsendur framleiðslu	6
6.	Aðrar upplýsingar	6

1. Inngangur

Umsækjendum eru hvattir til að kynna sér [lög nr. 43/1999](#) og [reglugerð nr. 450/2017](#) um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi áður en sótt er um útborgun.

Leiðbeiningar þessar eru settar skv. 6. gr. reglugerðar nr. 450/2017. Tilgangur þeirra er að einfalda og hraða umsóknarferlinu, veita fyrirsjáanleika og tryggja samræmi og jafnræði í afgreiðslu umsókna.

1.1. Umsóknarferli

Umsókn um útborgun skal send í gegnum [umsóknargátt](#) á heimasíðu Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Ef frekari gagna er þörf áður en umsókn er tekin til efnislegrar meðferðar fær umsækjandi tilkynningu þess efnis. Nefnd um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðarfer yfir umsóknir og metur hvort þær uppfylli skilyrði laga og reglugerðar. Nefndin fundar að jafnaði á tveggja vikna fresti. Umsóknum sem ekki uppfylla leiðbeiningar og formkröfur kann að verða synjað. Til að umsókn verði tekin fyrir þurfa fullnægjandi gögn að berast eigi síðar en fimm virkum dögum fyrir fund nefndarinnar.

1.2. Vilyrði

Umsókn um útborgun skal byggja á áður útgefnu vilyrði til sama umsækjanda og fyrir sama verkefni. Þegar sótt er um útborgun þarf þeim verkþáttum sem sótt er um endurgreiðslu fyrir vera lokið og endanlegt fjárhagsuppgjör liggja fyrir. Sérstök skilyrði gilda um umsóknir um hlutaendurgreiðslu.

1.3. Frestun útborgunar

Samkvæmt lögum eru endurgreiðslur háðar fjárveitingum Alþingis. Ef fjárheimildir ársins eru fullnýttar er heimilt að fersta útborgun, að hluta eða öllu leyti, til næsta fjárlagaárs.

2. Gögn sem óskað er eftir

2.1. Vottorð úr fyrirtækjaskrá

Senda skal vottorð úr fyrirtækjaskrá sem staðfestir hver er framkvæmdastjóri félags og hverjir eru í stjórn. Hægt er að nálgast slíkt yfirlit gjaldfrjálst á heimasíðu [fyrirtækjaskrár](#).

2.2. Greinargerð um framleiðsluna og lok framleiðslu

Óskað er eftir stuttri lýsingu á viðkomandi framleiðslu, þeim vinnslupáttum sem sótt um endurgreiðslu fyrir, umfangi hvers þáttar, helstu tökustöðum og fjölda starfsmanna. Lýsingin skal taka mið af þeim skilyrðum sem fram koma í 1. mgr. 4. gr. laga um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar.

Ef sótt er um hlutaendurgreiðslu skal gera sérstaklega grein fyrir stöðu framleiðslunnar og þeim verkþáttum sem ekki eru fullunnir.

2.3. Staðfesting á skuldleysi

Staðfesting á skuldleysi opinberra gjalda skal fylgja útborgunarumsókn og vera dagsett eigi fyrr en tveimur vikum fyrir dagsetningu umsóknarinnar.

2.4. Staðfesting á sýningu og lokum framleiðslu

Umsækjandi skal sýna fram á hvernig staðið verður að almennri dreifingu verkefnisins. Með umsókn skal fylgja staðfesting á hvar verkið verður sýnt opinberlega. Ef verkið hefur þegar verið sýnt er óskað eftir gögnum sem staðfesta frumsýningardag. Ef um sjónvarpsþætti er að ræða er óskað eftir staðfestingu á frumsýningu lokapáttar.

Kostnaður (þ.m.t. fjármagnskostnaður, dreifingakostnaður og kostnaður vegna kynningar) sem fellur til eftir að framleiðslu lýkur er ekki endurgreiðsluhæfur.

Framleiðslulok teljast í síðasta lagi vera frumsýning kvikmynda. Í tilviki sjónvarpsþátta skal miðað við frumsýningu síðasta þáttar í viðkomandi þáttaseríu. Með frumsýningu er átt við opinbera sýningu í fyrsta sinn, svo sem á sýningum opnum almenningi eða í sjónvarpi. Ein lokuð forsýning fyrir minni hóp myndi almennt ekki teljast frumsýning í skilningi laganna. Boðssýning í kvikmyndahúsum myndi hins vegar

almennt teljast frumsýning. Hvorki breyting á verkefni eftir frumsýningu né áform um sýningar í öðrum löndum geta haft þýðingu við mat á hvenær framleiðslu telst lokið.

2.5. Fjármögnun

Óskað er eftir sundurliðun í töfluformi (Excel eða PDF) sem sýnir alla fjármögnunarliði. Heildarsumma fjármögnunarliða skal stemma við kostnaðaruppgjör.

2.6. Kostnaðaruppgjör

Með umsókn skal fylgja kostnaðaruppgjör á töfluformi (Excel eða PDF) þar sem heildartölur kostnaðaráætlunar eru bornar saman við raunkostnað. Ekki nægir að skila eingöngu samantekt. Hver kostnaðarliður skal vera rekjanlegur til færslna í bókhaldi (hreyfingalista). Kostnað vegna greiðslna til tengdra aðila þarf að sundurliða sérstaklega.

Sé sótt um **hlutaendurgreiðslu** skal í uppgjöri gera skýrlega grein fyrir því hvaða kostnaðarþættir innan uppfærðar heildarkostnaðaráætlunar verkefnis mynda stofn til útreiknings hlutaendurgreiðslu. Jafnframt skal gera grein fyrir þeim verkþáttum sem ekki eru fullunnir og þeim kostnaði sem ekki hefur verið greiddur innan uppfærðar heildarkostnaðaráætlunar verkefnis.

2.7. Greinargerð um frávik

Sé verulegur munur á kostnaðaráætlun og raunkostnaði skal fylgja greinargerð þar sem frávik eru útskýrð fyrir hvern kostnaðarlið. Mismunur telst verulegur ef raunkostnaður viku meira en 20% frá framlagðri kostnaðaráætlun. Frávikagreining má byggja á upplýsingum í yfirlitsskjali (Topsheet), að því gefnu að það sé nægilega sundurliðað til að unnt sé að bera saman einstaka kostnaðarliði á milli áætlunar og raunuppgjors með skýrum og gagnsæjum hætti.

2.8. Áritun stjórnar

Umsókn skal fylgja staðfesting undirrituð af öllum stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra þar sem kemur fram að kostnaðaruppgjörið sé í samræmi við ákvæði laga um endurgreiðslur og reglugerðar á grundvelli þeirra. Ef áætluð endurgreiðsla nemur hærri fjárhæð en 3 m.kr. skal umsókn einnig fylgja sams konar staðfesting endurskoðanda. Mælt er til að endurskoðandi skili yfirlýsingu um staðfestingu kostnaðaruppgjors á forsníðnu skjali. Form fyrir yfirlýsingu endurskoðanda má finna [hér](#).

2.9. Hreyfingalisti

Kostnaðaruppgjöri skal fylgja hreyfingalisti úr bókhaldskerfi (á Excel-formi) sem sýnir raunfærslur á bak við alla kostnaðarliði í uppgjörinu. Færslur á hreyfingalista skulu merktar með tilvísun í viðeigandi kostnaðarlið í uppgjörinu þannig að samtölur hreyfinga séu í samræmi við samtölur í uppgjöri. Ef bókhald hefur ekki verið fært með þessum hætti skal, auk hreyfingalista úr bókhaldskerfi, skila Excel-skrá þar sem færslum er raðað þannig að samtala hreyfinga fyrir hvern lið stemmi við samsvarandi samtölu í uppgjörinu.

Nánari leiðbeiningar varðandi kostnað greiddan til aðila sem tengjast framleiðslunni

Umsækjandi skal tilgreina sérstaklega allan kostnað sem greiddur er til aðila sem tengjast framleiðslunni. Með aðilum sem tengjast framleiðslunni er t.d. átt við móðurfélag umsækjanda, fyrirtæki í eigu framleiðanda, meðframleiðendur, fjármögnunaraðila eða aðra lykilaðstandendur. Kostnaðurinn skal vera sundurliðaður með eftirfarandi hætti:

1. **Útlagður kostnaður til þriðja aðila:** Tilgreina skal upprunalegan söluaðila, vöru/þjónustu og dagsetningu reiknings og upphæðir. Kostnaðurinn skal staðfestur með afriti af hreyfingalista upprunalegs greiðanda eða afriti af reikningum upphaflegs söluaðila.
2. **Vinnuframlag fastra starfsmanna:** Tilgreina skal nafn viðkomandi, starfsheiti, vinnuframlag í tíma (t.d. í klukkustundum eða dögum), einingaverð og heildarupphæð.
3. **Leiga á búnaði, aðstöðu o.þ.h.** í eigu tengds aðila: Lýsing skýla búnaði eða aðstöðu, tilgreina leigutíma og og einingaverð.

Kostnaður milli aðila sem tengjast framleiðslunni myndar aðeins stofn til endurgreiðslu sé hann á markaðsvirði, sbr. e-lið 3. mgr. 5. gr. a laga nr. 43/1999. Umsækjandi ber ábyrgð á að færa rök fyrir að slíkur kostnaður sé á markaðsvirði. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um hvernig sýnt er fram á að kostnaður sé á markaðsvirði en gerð er krafa um að færð séu rök fyrir því með hliðsjón af hvernig verð veittrar þjónustu hefur verið ákveðið. Um almennt samþykktar leiðir til þess er umsækjanda bent á leiðbeiningar á [vef Skattsins](#). Sama regla gildir um t.d. vaxtakostnað vegna fjármögnunar eða framleiðslupóknun milli aðila sem tengjast framleiðslunni.

Innanhússkostnaður skal byggja á raunverulegum og sannanlegum rekstrarkostnaði fyrirtækisins. Hann skal staðfestur með afriti af hreyfingalista úr bókhaldi sem sýnir viðeigandi launagreiðslur eða annan rekstrarkostnað. Umsækjandi skal útskýra og rökstyðja með skýrum og gagnsæjum hætti það hlutfall kostnaðar sem er úthlutað á verkefnið. Forsendur skulu byggja á rökstuddu mati á hlutdeild verkefnisins í heildarrekstrinum og taka mið af raunverulegri notkun þess á aðstöðu, búnaði eða vinnuframlagi starfsmanna. Til dæmis þarf að tilgreina hversu margar klukkustundir eða daga starfsmaður vann við verkefnið eða hversu lengi tiltekin aðstaða var nýtt. Sjá einnig nánar hér fyrir neðan um kostnað vegna yfirbyggingar (e. overhead), eigin starfsmanna og eigin búnaðar.

Ef sótt er um endurgreiðslu vegna kostnaðar sem fellur til á EES-svæðinu utan Íslands skal sá kostnaður staðfestur með færslum á hreyfingalista umsækjanda.

2.10. Sundurliðun kostnaðar eftir framleiðslulandi

Ef sótt er um endurgreiðslur vegna kostnaðar sem greiddur var til aðila sem skattskyldir eru innan EES, utan Íslands skal fylgja yfirlit sem sýnir heildarkostnað eftir svæðum:

1. Ísland
2. EES ríki utan Íslands (þ.m.t. Grænland og Færeyjar)
3. Önnur lönd.

Færslur á hreyfingalista sem varða kostnað innan EES skulu flokkaðar saman í sérstöku skjali eða sérstökum flípa í uppgjörsskjali. Ef hreyfingalisti sem fylgir umsókn inniheldur kostnað sem féll til utan EES, skulu þær færslur flokkaðar sérstaklega og samtala þeirra dregin frá í útreikningi á stofni til endurgreiðslu.

Hreyfingalistar frá erlendum samstarfsaðilum sem eru á öðru tungumáli en íslensku eða ensku skulu fylgja með í þýddri útgáfu, þannig að unnt sé að staðreyna kostnað með skýrum og aðgengilegum hætti.

3. Útreikningar á stofni til endurgreiðslu

3.1. Heildarframleiðslukostnaður og 80/20 reglan

Einungis kostnaður sem fellur til á Íslandi getur myndað stofn til endurgreiðslu. Eina undantekningin frá þessari reglu er í 2. mgr. 2. gr. laganna, svokölluð 80/20 regla. Samkvæmt henni má taka til greina kostnað sem fallið hefur til innan EES svæðisins ef a.m.k. 80% af heildarframleiðslukostnaði verkefnisins féll til á Íslandi. Kostnaður sem fallið hefur til utan EES svæðisins myndar aldrei stofn til endurgreiðslu.

Heildarframleiðslukostnaður er allur kostnaður sem fellur til við framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis, óháð því hvar verkþættirnir eru unnir. Þetta felur í sér kostnað sem fellur til á Íslandi, innan EES-svæðisins, og í öðrum löndum utan EES.

Eingöngu kostnaður sem greiddur er af umsækjanda sjálfum myndar stofn til endurgreiðslu. Þetta á einnig við um kostnað sem fellur til innan EES, utan Íslands.

Fari framleiðslan fram hjá dótturfélagi telst kostnaður, svo sem óbeinn stjórnunarkostnaður, hlutdeild í rekstrarkostnaði eða framlag til framleiðanda, sem metinn er sem fastávarðað og örökstutt hlutfall af veltu móðurfélags, ekki vera hluti af stofni til endurgreiðslu, sbr. d lið 5. gr. a laga um endurgreiðslur. Sjá nánar hér fyrir neðan um kostnað vegna yfirbyggingar (e. overhead).

Öll opinber innlend framlög, þar með talið styrkir frá Kvikmyndamiðstöð Íslands, dragast frá stofni til endurgreiðslu. Þetta á við um öll opinber fjárframlög sem staðfest eru óháð því hvort þau hafi verið greidd út að fullu þegar sótt er um útborgun endurgreiðslu.

4. Skilyrði 35% endurgreiðslu

Til þess að njóta 35% endurgreiðslu þarf umsækjandi um útborgun að sýna fram á að verkefni hafi uppfyllt eftirfarandi þrjú skilyrði:

1. **Framleiðslukostnaður** sem fellur til við framleiðslu viðkomandi kvikmyndar eða sjónvarpsefnis hér á landi er að lágmarki 350 milljónir kr.
2. **Tökudagar** (e. principal photography) á Íslandi skulu vera að lágmarki 10, og samanlagður fjöldi tökudaga og eftirvinnsludaga á Íslandi að lágmarki 30. Tökudagur í skilningi þessa mats er dagur

þar sem eiginleg kvikmyndataka fer fram með þátttöku leikara, leikstjóra og/eða aðalframleiðsluteymis. Bakgrunns- eða drónatökur án leikstjóra, leikara eða kvikmyndatökuliðs, teljast ekki til tökudaga.

3. **Fjöldi starfsmanna** sem vinna með beinum hætti að framleiðslunni á Íslandi skal vera að lágmarki 50. Þeir einstaklingar skulu vera skattskyldir á Íslandi og vinna að framleiðslunni í a.m.k. einn heilan dag hver, sem launþegar eða verktakar.

Þessu til staðfestingar skal leggja fram eftirfarandi gögn með umsókn:

1. Lokaútgáfa af tökuplani og, ef við á, eftirvinnsluáætlun þar sem skýrt kemur fram fjöldi tökudaga og eftirvinnsludaga á Íslandi.
2. Starfsmannalisti yfir alla sem unnu að verkefninu með beinum hætti og eru skattskyldir á Íslandi. Listinn skal innihalda fullt nafn, starfstítl og fjölda vinnudaga hvers og eins.

Ofangreind skilyrði gilda einnig ef sótt er um **hlutaendurgreiðslu**. Ef framleiðslukostnaðurinn sem þegar hefur fallið til er undir 350 milljónum króna við umsókn um hlutaendurgreiðslu, er endurgreiðsluhlutfallið 25%. Ef endurgreiðsluhæfur kostnaður fer yfir 350 milljónir króna í lokauppgjöri framleiðslunnar, og önnur skilyrði fyrir 35% endurgreiðslu eru sannanlega uppfyllt, er 35% endurgreiðsla reiknuð af heildarkostnaðinum. Upphæðin sem þegar hefur verið greidd út við hlutaútborgun verður þá dregin frá lokagreiðslunni.

5. Endurgreiðsluhæfur kostnaður – nánari skýringar

5.1. Kostnaður vegna yfirbyggingar (overhead)

Fastur rekstrar- og stjórnunarkostnaður (yfirbygging) getur myndað stofn til endurgreiðslu. Forsenda þess er að umsækjandi sýni fram á að kostnaðurinn hafi raunverulega fallið til vegna framleiðslunnar. Umsækjandi skal rökstyðja útreikninga á föstum rekstrar- og stjórnunarkostnaði með gagnsæjum hætti, til dæmis með því að sýna fram á hlutdeild verkefnisins í heildarrekstrarkostnaði á framleiðslutímanum. Rökstuðningur skal studdur viðeigandi gögnum, til dæmis ársreikningum.

5.2. Kostnaður vegna eigin starfsmanna og eigin búnaðar

Kostnaður vegna eigin starfsmanna umsækjanda getur hann aðeins myndað stofn til endurgreiðslu að því leyti sem um ræðir raunverulegan og greiddan kostnað. Þá er ekki heimilt að færa afnot á eigin eignum umsækjanda, t.d. tækjabúnaði eða þ.h., sem kostnað í uppgjöri þar sem í slíkum tilfellum er ekki um að ræða kostnað sem raunverulega hefur fallið til. Að sama skapi er óheimilt að taka tillit til bókhaldslegra afskrifta, sbr. c-lið 3. mgr. 5. gr. a laga nr. 43/1999.

Þegar um viðskipti milli aðila sem tengjast framleiðslunni er að ræða, svo sem félög innan sömu samstæðu, meðframleiðendur eða aðra lykilaðila framleiðslu, er heimilt að innheimta gjald fyrir leigu á búnaði eða veitta þjónustu, svo sem í formi vinnuframlags. Forsendan er ávallt sú að verðlagning sé á markaðsvirði, líkt og kveðið er á um í e-lið 3. mgr. 5. gr. a laga nr. 43/1999. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um hvernig sýnt er fram á að kostnaður sé á markaðsvirði en gerð er krafa um að færð séu rök fyrir því með hliðsjón af hvernig verð veittrar þjónustu hefur verið ákveðið. Um almennt samþykktar leiðir til þess er umsækjanda bent á [leiðbeiningar á vef Skattsins](#). Þegar um útlagðan kostnað er að ræða, þar sem tengdur aðili endurkrefur umsækjanda um kostnað frá þriðja aðila, skal umsækjandi staðfesta kostnaðinn með afriti af upprunalegum reikningi eða færslu af hreyfingalista þess aðila sem innti greiðsluna af hendi.

5.3. Laun og verktakagreiðslur

Samkvæmt lögum nr. 43/1999 myndar kostnaður vegna launa og verktakagreiðslna aðeins stofn til endurgreiðslu ef þær eru sannanlega skattlagðar hér á landi. Í kostnaðaruppgjöri skal því sérstaklega gera grein fyrir þessum liðum og sýna fram á að skilyrði um skattlagningu sé uppfyllt.

Nefnd um endurgreiðslur hefur skýrt muninn á verktakagreiðslum og þjónustukaupum þannig að verktakagreiðslur séu að jafnaði þegar greiðslurnar eru vegna þjónustu sem veitt er af tilteknum einstaklingi (þ.e. þar sem framlag einstaklingsins er talið mikilvægt), svo sem þegar leikstjóri fær greitt fyrir þjónustu sína, en þjónustugreiðslur þegar lítil sem engin áhersla er lögð á hvaða einstaklingur veitir þjónustuna. Í sumum tilvikum er aðgreiningin skýr, svo sem þegar ræðir beinlínis um þóknun vegna vinnuframlags einstaklings, og í öðrum tilvikum óljós, svo sem vegna aðkeyptrar þjónustu vegna t.d. lýsingar á tökustað. Í síðari tilvikum ræðst matið því af nánari atvikum hverju sinni.

5.4.Lánsfjármögnun frá aðilum tengdum framleiðslunni

Auk þess að sýna fram á að vaxtakjör séu á markaðsvirði, sbr. hér að framan, skal umsækjandi sýna fram á að kostnaður sem fellur til vegna lánveitinga milli aðila sem tengjast framleiðslunni sé raunverulegt viðskiptalán en ekki fjárframlags eða stofnfjár, sbr. e-lið 3. mgr. 5. gr. a laga nr. 43/1999.

Við mat á því skal m.a. líta til þess hvort lánsamningur hafi verið gerður fyrir fram, hvort lán hafi verið veitt á markaðskjörum og hvort framkvæmd lána (t.d. útborgun, vaxtareikningur og endurgreiðslur) hafi verið í samræmi við almenna viðskiptahætti. Ef lán er í reynd eiginfjármögnun frá eiganda eða tengdum aðila til að standa straum af framleiðslu, skal það ekki teljast til framleiðslukostnaðar í skilningi 3. mgr. 2. gr. laga nr. 43/1999, sbr. einnig 3. tölul. 50. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

5.5.Kostnaður sem fallið hefur til erlendis

Að jafnaði myndar einungis kostnaður sem fellur til á Íslandi stofn til endurgreiðslu. Heimilt er þó, samkvæmt svokallaðri 80/20-reglu í 2. mgr. 2. gr. laganna, að taka til greina kostnað innan EES ef a.m.k. 80% af heildarframleiðslukostnaði fellur til á Íslandi. Kostnaður utan EES telst aldrei til stofns til endurgreiðslu.

Nefndin leggur áherslu á raunverulegt eðli og uppruna kostnaðar kostnaðar en ekki form hans. Þannig getur nefndin litið fram hjá formi ef gögn málsins bendi til að verið sé að greiða kostnað til erlends aðila með íslenskum aðila sem millilið (eða utan EES með millilið innan EES). Í einhverjum tilvikum getur verið um eðlilega milligöngu íslenskra aðila að ræða. Í vafatilvikum hefur nefndin lagt áherslu á að hinn íslenski milliliður hafi einhvern tilgang með milligöngu sinni og gert það sem eðlilegan hluta af rekstri sínum. Taka má dæmi um íslenskan aðila sem keypt hefur búnað í rekstur sinn utan Íslands og leigir hann út. Ef nefndin telur að íslenski aðilinn hafi engu bætt við öðru en milligöngu sinni kann nefndin að líta á umræddan kostnað sem kostnað sem fallið hafi til erlendis.

5.6.Kostnaður utan framleiðslutímabils

Kostnaður sem stofnað er til áður en sótt er um vilyrði eða eftir að framleiðslu er lokið myndar almennt ekki stofn til endurgreiðslu.

Þó getur kostnaður á undirbúningstímabili framleiðslu myndað stofn til endurgreiðslu en umsækjandi þarf að rökstyðja það sérstaklega.

Þá getur kostnaður sem greiddur er eftir framleiðslulok verið endurgreiðsluhæfur sé sýnt fram á með gögnum að stofnað hafi verið til skuldbindingarinnar fyrir framleiðslulok.Ítrekað er að ógreiddur kostnaður myndar aldrei stofn til endurgreiðslu.

5.7.Breyttar forsendur framleiðslu

Umsækjandi skal tilkynna nefndinni ef forsendur fyrir breyttu vilyrði breytast verulega. Vanræksla á því getur leitt til að synjað sé um útborgun, sbr. 4. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 450/2017. Dæmi um slíkar breytingar eru ef gerð verks breytist, svo sem úr kvikmynd í þáttaröð, ef annar aðili en umsækjandi tekur við framleiðslunni eða ef verulegar breytingar verða á fjármögnun eða kostnaðaráætlun.

6. Aðrar upplýsingar

Upplýsingar sem óskað er eftir um útgjöld eftir landshlutum og atvinnusköpun eftir kyni eru eingöngu notaðar til greiningar. Þessar upplýsingar hafa ekki áhrif á ákvörðun um styrkveitingu, heldur eru þær nýttar til að meta samfélagsleg áhrif endurgreiðslukerfisins.